

## 1. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2014-2015

Haldinn þriðjudaginn 23. september 2014 kl. 16:30 í Meistarastofu

Mætt voru: Jón Stefán Baldursson, Harpa Hjarðar, Ragnheiður Halldórsdóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir og Herdís Zóphóníasdóttir námsráðgjafi.

1. Herdís Zóphóníasdóttir hóf fundinn og bauð nýja stjórn velkomna. Stjórn FORMA skólaárið 2014-2015 skipa:

Ester Stefánsdóttir, esterstefans@gmail.com

Harpa Hjarðar harpa.b.hjardar@ruv.is

Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, hyggjuvit@gmail.com

Jón Stefán Baldursson, jonstefan@simnet.is

Margrét Magnúsdóttir, greta@borgarholsskoli.is

Ragnheiður Halldórsdóttir, ragnhh@hotmail.com

Þuríður Árnadóttir, stigurehf@internet.is

2. Stjórn skipti með sér verkum og var stungið upp á Jóni Sefáni Baldurssyni sem formanni og Jóhönnu M. E. Matthíasdóttur sem ritara, var það samþykkt. Þá gaf Harpa Hjarðar kost á sér sem gjaldkeri og var það samþykkt. Þuríður Árnadóttir mun taka við sem fulltrúi í skólanefnd.
3. Helst liggur fyrir fundi að ræða skálaferðir nýnema, sem hefjast fimmtudaginn 25. september n.k.. Manna þarf innheimtu á ferðakostnaði og skipti stjórn með sér mönnun á ferðadögum. Herdís benti á að gott er að mæta klukkustund fyrir brottför, um eða upp úr kl. 12:00, til að nálgast bekkjarlista, leiðbeiningarblöð fyrir foreldra sem fylgja í ferðina, tuskur og viskastykki til fararinnar og umslag fyrir innheimtu hjá ritara. Greiða þarf gjaldið áður en ferð hefst og merkja við á bekkjarlista. Benda má á hraðbanka við Kvosina sé farareyrir ekki meðferðis og fjármálastjóri getur svo tekið við umslaginu til varðveislu. Gjaldkeri mun í framhaldi sjá um uppgjör ferðakostnaðar.

Einnig var rætt var um framkvæmd ferðanna, Anna Richardsdóttir mun sjá um hópefli og foreldrar fylgja með í ferðina til eftirlits. Staðarhaldari mun fá upplýsingar um þá foreldra sem á staðnum verða og hefur einnig þrjá tengiliði þar fyrir utan komi

eitthvað upp á. Umsjónarkennarar munu sjá um að ítreka við foreldra mönnun ferðanna, en þar vantar nokkuð á enn.

4. Ákveðið að stjórn FORMA fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og þá annað hvort fyrsta eða annan fimmtudag hvers mánaðar.
5. Nokkrar umræður urðu um "partý" sem böðlar halda fyrir nýnema. Skriflegt samkomulag má sjá nánar í samningi sem gerður var við nemendafélag. Samþykkt var að boða stjórn nemendafélagsins til fundar með fulltrúum stjórnar FORMA áður en samningurinn rennur út. Fyrir þann fund verður leitað lögfræðialits varðandi ábyrgð gagnvart ólögráða einstaklingum og ábyrgð eldri nemenda rædd út frá því.
6. Ákveðið var að senda út bréf til þeirra aðila sem leigja út sali eða orlofshús í bænum og nágrennasveitarfélögum. Þar verður lögð áhersla á við eigendur að salirnir og húsin verði ekki leigð til samkomuhalds fyrir ósjálfráða nemendur.
7. Að lokum var rætt um útskriftarferðir 4. bekkinga og ábyrgð skólans á ferðunum. Fram komu þau sjónarmið að rétt væri að gerð yrði áætlun um hvernig leggja mætti ferðirnar af í núverandi formi og hvað gæti komið í staðinn. Bent var á að því miður koma upp of mörg dæmi um óæskilega atburði í ferðunum sem hæpið er að skólinn gæti bendlað sig við eða borið ábyrgð á. Margir framhaldsskólar hafa nú þegar hætt slíkum ferðum. Bent var á að hugsanleg leið væri að rökstudd einhliða ákvörðun yrði tekin af hálfu skólans og kynnt með góðum fyrirvara, til dæmis þannig að þeir sem nú eru að hefja nám í skólanum fari ekki í útskriftarferð á vegum skólans.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur verður fimmtudaginn 9. okt. kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, með innslagi frá Jóni Stefáni Baldurssyni.